



# DALAPÓSTURINN

6. tölublað, 11. árgangur  
24. apríl 2018

## Húsmæðraskólinn á Staðarfelli

Mánudagskvöldið 30. apríl kl. 18:30 býðst Dalamönnum og nágrönnum tækifæri til að sækja heim gamla skólahúsið á Staðarfelli í boði Bygðasafns Dalamanna, Héraðsskjalasafns Dalasýslu, bygginga- og skipulagsfulltrúa Dalabyggðar og ekki síst með dyggum stuðningi Sveins og Þóru bænda á Staðarfelli og Ríkiseigna.

Dagskráin hefst á að Bogi Kristinsson byggingafulltrúi mun í stuttu máli segja frá byggingunni og Valdís Einarsdóttir safnvörður og héraðsskjalavörður frá aðdraganda að stofnun skólans og sögu skólans.

Þá gefst gestum kostur á að ganga um bygginguna og skoða. Skólahúsið er á þremur hæðum og kjallari undir öllu húsinu. Elsti hlutinn er frá 1912-13.

Margir Dalamenn eiga minningar frá þeirri ágætu stofnun, nemendur, sveitungar og fjöldi vonbiðla er sveimuðu um staðinn. Síðan eru allir hinir sem hafa heyrt sögur frá úr skólanum en ekki náð þeim aldri að hafa átt tækifæri á að koma í skólann.

Líklega hefur húsnæðið ekki verið opið almenningi síðan síðustu nemendur skólans voru útskrifaðir vorið 1976.

Allir eru velkomnir á Staðarfell mánudagskvöldið 30. apríl, Staðarfellsmejar, Dalamenn og aðrir velunnarar skólans.

## Sveitarstjórnarkosningar 2018

Sveitarstjórnarkosningar fara fram 26. maí 2018. Upplýsingar um flest er lýtur að þeim er að finna á kosningavef innanríkisráðuneytisins, [www.kosning.is](http://www.kosning.is).

### Kjörskrá

Á kjörskrá skal taka alla íslenska ríkisborgara sem náð hafa 18 ára aldri á kjördag, 26. maí, og sem skráðir eru með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi þremur vikum fyrir kjördag, þann 5. maí. Óheimilt er að breyta kjörskrá ef tilkynning um nýtt lögheimili hefur ekki borist Þjóðskrá Íslands fyrir þann tíma.

### Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna sveitarstjórnarkosninga 26. maí er hafin. Kjósanda er heimilt að greiða atkvæði utan kjörfundar til kjördags. Innanlands er hægt að kjósa hjá öllum sýslumönnum á landinu, á aðalskrifstofum eða í útibúum þeirra.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram á skrifstofu sýslumanns, Miðbraut 11, frá kl. 13:00 til 15:30 alla virka daga til kjördags. Hægt er að kjósa á öðrum tíma samkvæmt nánara samkomulagi við viðkomandi kjörstjóra.

### Framboðsfrestur

Framboðsfrestur vegna sveitarstjórnarkosninganna þann 26. maí rennur út kl. 12 á hádegi laugardaginn 5. maí. Kjörstjórn tekur á móti framboðslistum í fundarsal á annarri hæð stjórnsýsluhúss þann dag kl. 11:30-12:00.

Ef aðeins einn framboðslisti berst skal yfirkjörstjórn framlengja framboðsfrest um tvo sólarhringa. Komi ekki fram nýr framboðslisti áður en þeim fresti lýkur verður framkominn framboðslisti sjálfkjörinn ef hann uppfyllir að öllu leyti skilyrði laganna.

Komi enginn framboðslisti fram verða óhlutbundnar kosningar (persónukjör). Allir kjósendur eru þá í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því.

## Vinnuskóli Dalabyggðar

### Árgjald héraðsbókasafns

Árgjald Héraðsbókasafns fyrir árið 2018 verður óbreytt frá fyrra ári, það er 1.000 kr. Hægt er að greiða árgjaldið inn á reikning 0312-26-001818, kt. 510694-2019, skrá þarf í skýringar ef greitt er fyrir annan. Einnig er hægt að greiða árgjaldið á skrifstofu Dalabyggðar.

Eindagi árgjalds er 1. maí og eftir það verður greiðsluseðlar sendir út að viðbættum kostnaði.

Héraðsbókasafn Dalasýslu er opið á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18. Bókasafnið er lokað beri almenna frídaga upp á opnunardaga.

### Trjágróður við lóðamörk

Húseigendur/lóðarhafar eru hvattir til að klippa trjágróður sem vex út fyrir lóðamörk og getur þannig skapað óþægindi og hættu fyrir vegfarendur.

Að öðrum kosti mun sveitarfélagið klippa þar sem nauðsynlegt er og senda lóðarhafa reikning fyrir framkvæmdinni.

### Endurvinnslustöðin

Endurvinnslustöðin er opin á þriðjudögum kl. 13-18 og laugardögum kl. 11-14. Flokkunarkrá er opin allan sólarhringinn.

## Auglýsing um samþykkt svæðisskipulags

### Dala, Reykhóla og Stranda 2018-2030

Svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar samþykkti þann 26. mars 2018 tillögu að svæðisskipulagi sveitarfélaganna ásamt umhverfisskýrslu, sbr. 25. gr. skipulagslaga og 9. gr. laga um umhverfismat áætlana.

Í svæðisskipulagstillögunni er sett fram sameiginleg framtíðarsýn sveitarfélaganna á þróun landbúnaðar, sjávarnytja og ferðaþjónustu í þeim tilgangi að styrkja atvinnulíf og byggð. Greind eru tækifæri sem búa í auðlindum og sérkennum svæðisins og á grunni þess sett fram stefna í atvinnumálum, samfélagsmálum og umhverfismálum og síðan skipulagsstefna sem styður við hana.

Tillagan var auglýst og lá frammi til kynningar frá 26. janúar til 12. mars 2018. Þrjár athugasemdir bárust og voru gerðar minniháttar lagfæringar á tillögunni vegna þeirra. Nefndin sendi sveitarstjórnunum þremur tillögu sína að svæðisskipulagi þannig breytta, ásamt athugasemdum og umsögn sinni um þær.

Tillagan var samþykkt af sveitarstjórnun Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar á fundum þeirra í apríl 2018.

Nefndin hefur afgreitt svæðisskipulagstillöguna til Skipulagsstofnunar til staðfestingar og svarað athugasemdum sem bárust. Svæðisskipulagið öðlast gildi þegar afgreiðslu Skipulagsstofnunar lýkur og tillagan hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Tillöguna ásamt fundargerð svæðisskipulagsnefndar, þar sem athugasemdir voru afgreiddar, má skoða á vefnum [samtakamattur.is](http://samtakamattur.is).

*Svæðisskipulagsnefnd*

*Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar*

---

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.  
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

---